

Nr. 091 / 09 Bylgja**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6130
Smíðaður: Hafnarfirði 1978 plast
Stærð: 2,17 brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,43 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,7 m
Vél: Volvo Penta 26 kW 1986
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júlí 2009 var skemmtibáturinn Bylgja á siglingu norðan Ystakletts. Veður: V 4 m/sek.

Þegar komið var á milli Elliðaeyjar og Faxaskers varð formaður var við gat á lögn sjókælingar innan við sjódælu svo sjór sprautaðist inn í bátinn og stöðvaði skipverji vélina. Hann taldi sig ekkert hafa til að gera við gatið en kallaði á strandstöð og bað um drátt til hafnar. Á meðan dældi hann austrinum, sem komið hafði í bátinn, út með handdælu. Skemmtibáturinn Heiða sem var á svæðinu tók Bylgju í tog til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að lögnin sem gatið kom á var gömul plastslanga sem hafði harðnað í tímanna rás og sagðist skipstjóri hafa endurnýjað hana með strigastyrktri gúmmíslöngu;
- að annað festieyra varmaskiptis var brotið en skipstjóri hélt að það hefði ekki haft áhrif á þessa bilun og kvaðst hann mundi koma festingunni í lag sem fyrst;
- að skipstjóri sagði að akkeri með góðri línu hafi verið tiltæk.

Nefndarálit:

Orsök bilunar var ónýt hosa á milli stúta sjódælu og varmaskiptis sem rekja má til viðhaldsskorts.